

Mál nr. 186/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðarslyss 27. september 5. apríl 2020.****Gögn.**

Málskot dags. 03.05.21 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 28.05.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tildrög slyssins hafi verið með þeim hætti að M hafi verið í teiti og verið þangað sótt af ökumanni bifreiðarinnar A undir morgun. Þegar þau hafi verið nýlega lögð af stað hafi ökumaðurinn misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að bifreiðin lenti á skilti og vegkanti. M hafi í slysinu orðið fyrir meiðslum. V hyggst skerða bótarétt M um 2/3 hluta þar sem hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að hafa tekið sér far með ölvuðum ökumanni.

Í málskotinu kemur fram að A hafi alls ekki dottið í hug að ökumaðurinn hefði neytt áfengis heldur hafi hún gert ráð fyrir því að hann væri allsgáður þar sem hann var að sækja hana á bifreið. Þá sé ekki réttlætanlegt að skerða bótarétt hennar um 2/3 hluta með vísan til þess að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Munurinn á einföldu gáleysi og stórkostlegu gáleysi hafi alltaf verið talinn stigsmunur og ekki alltaf glöggur. M leggur áherslu á að atviksbundið mat á aðstæðum fari fram og að hefðbundinn sjónarmið um sakarmat gildi. Vísað er til þess að A hafi ekki vitað að ökumaðurinn hafi neytt áfengis þegar hann kom og sótti hana. Um mjög stutta leið hafi verið að ræða og engin leið fyrir A að gera sér grein fyrir því að ökumaðurinn hefði neytt áfengis áður en hann sótti hana enda hafi hann verið undir mjög litlum áhrifum áfengis. Áfengismagn hans hafi aðeins mælst 1,03 prómill og sé miðað við að ef áfengismagn í blóði fari yfir 1,2 prómill teljist viðkomandi ófær um að aka.

Í bréfi V kemur fram að í lögregluskýrslu hafi strax vaknað grunur um að ökumaður væri ölvaður. Skv. áfengismagni í blóði hafi hann ekki getað stjórnað ökutæki örugglega, sbr. 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M geti því ekki byggt á því að hafa ekki haft tíma til að átta sig á að ökumaðurinn væri ölvaður. Farþegi beri ábyrgð á að taka sér far með ökumanni og það sé mat hans hvort hann geri það eða ekki. Þá komi það málinu ekki við hvort ökumaður segist ekki hafa fundið fyrir áfengisáhrifum þegar hann ók bifreiðinni.

Álit:

Í lögregluskýrslu kemur fram að það hafi vaknað strax grunur um ölvun ökumanns í viðræðum við hann. Í öndunarprófsmæli mældust í honum 0,84 prómill. Í framhaldinu var tekin blóðprufa þar sem hann greindist með 1,03 prómill. Var honum því óheimilt að stjórna ökutæki í umrætt sinn, skv. 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem ökumanni er bannað að stjórna ökutæki sé hann þannig á sig komin að hann sé ekki fær um að stjórna því örugglega., sbr. 1. mgr., sbr. 3. mgr. 49. gr. um bann við ölvunarakstri og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. umferðarlaganna.

Með vísan til þess að það vaknaði strax grunur um ölvunarakstur ökumannsins þegar lögreglan kom á vettvang og þess að A segir sjálf að hún hafi verið undir áhrifum áfengis eins og ökumaðurinn þegar hún fer á læknavaktina að kvöldi slysadags telur nefndin að hún hafi vitað eða mátt vita um ölvun ökumannsins. M telst því hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að taka sér far með ökumanni A og þannig verið meðvöld að tjóni sínu. Með vísan til atvika allra þykir rétt að bætur hennar skerðist um 1/3 hluta, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V en skerða skal bætur hennar um 1/3 hluta.

Reykjavík 8. júlí 2021.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.